

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. apríl 2021  
UST202104-189/UST202104-191/H.G.  
04.05

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun - 709. mál og tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, 707. mál**

Vísað er til tölvupósts dags. 15. apríl sl. þar sem Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun - 709. mál og tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, 707. mál.

Markmið lagabreytingarinnar er að málsmeðferð vindorkuvera sem falla undir rammaáætlun (uppsett afl yfir 10 MW) verði skilvirkari. Landsvæðum verður skipt í þrjá flokka. Flokk I, þar sem uppbygging vindorkuvera verður óheimil; flokk II, sem geta talist viðkvæm m.t.t. hagnýtingar vindorku og verkefnisstjórn tekur til umsagnar; og flokk III; sem sæta ekki takmörkunum laganna á hagnýtingu vindorku. Í þingsályktunartillögunni eru flokkarnir nánar skilgreindir.

Umhverfisstofnun veitti umsögn dags. 10. febrúar sl. (UST202101-407) um drögin í máli nr. 19/2021 í Samráðsgátt. Í umsögninni eru gerðar athugasemdir við skilgreiningu á hugtakinu „vindorku“ í 2. gr. laganna, gerð er athugasemd þingsályktunartillögunna, nánar tiltekið, við flokkun óbyggðra víðerna og fjarðlægdarmörk við friðlýst svæði. Þá er lögð fram tillaga að aðferðarfræði.

Í framangreindum þingskjöllum er rökstuðningur fyrir því að tillagan sem var í samráðsgátt stendur óbreytt. Umhverfisstofnun telur rökin ekki fullnægjandi og heldur því fyrri athugasemdum til haga. Því ítrekar stofnunin fyrri umsögn (sjá viðhengi) og gerir sömu athugasemdir við þingskjölin.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til að fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst

Hlín Gísladóttir  
lögfræðingur

Ísak Már Jóhannesson  
sérfræðingur

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. febrúar 2021  
UST202101-407/H.G.  
04.04

**Efni: Umsögn um drög að breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og drög að þingsályktunartillögu um opinbera stefnu vegna vindorku**

Vísað er til máls nr. 19/2021 í Samráðsgátt stjórnvalda þar sem kynnt eru drög að breytingu á lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun (málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku). Markmið lagabreytingarinnar er að málsmeðferð vindorkuvera sem falla undir rammaáætlun (uppsett afl yfir 10 MW) verði skilvirkari. Landsvæðum verður skipt í þrjá flokka. Flokk I, þar sem uppbygging vindorkuvera verður óheimil; flokk II, sem geta talist viðkvæm m.t.t. hagnýtingar vindorku og verkefnisstjórn tekur til umsagnar; og flokk III; sem sæta ekki takmörkunum laganna á hagnýtingu vindorku.

Vísað er til umsagna Umhverfisstofnunar um fyrri þingmál. Í fyrsta lagi um breytingartillögu við tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um áætlun vernd og orkunýtingu landsvæða nr. 13/141, dags. 13. febrúar 2015<sup>1</sup>, í öðru lagi tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða - 207. mál, dags. 3. apríl 2017<sup>2</sup> og í þriðja lagi nýja umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 370. mál, dags. 9. febrúar 2021.<sup>3</sup>

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpsdrögin og þá flokkun sem sett er fram í drögum að tillögu til þingsályktunar:

---

<sup>1</sup> [https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Umsagnir-um-thingmal/%c3%beingsalyktun\\_13\\_141\\_130215.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Umsagnir-um-thingmal/%c3%beingsalyktun_13_141_130215.pdf)

<sup>2</sup> [https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Umsagnir-um-thingmal/207\\_mal\\_2017.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Umsagnir-um-thingmal/207_mal_2017.pdf)

<sup>3</sup> [https://ust.is/library/sida/umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn%20um%20till%c3%b6gu%20til%20%c3%beings%c3%a1lyktunar%20um%20%c3%a1%c3%a6tlun%20um%20vernd%20og%20orkun%c3%bdtingu%20landsv%c3%a6%c3%b0a,%20307.%20m%c3%a1\\_undirrita%c3%b0.pdf](https://ust.is/library/sida/umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn%20um%20till%c3%b6gu%20til%20%c3%beings%c3%a1lyktunar%20um%20%c3%a1%c3%a6tlun%20um%20vernd%20og%20orkun%c3%bdtingu%20landsv%c3%a6%c3%b0a,%20307.%20m%c3%a1_undirrita%c3%b0.pdf)

## Hugtök

Umhverfisstofnun bendir á að í 2. gr. frumvarpsins kemur ekki fram að 5. tl. verður að 6. tl. og svo framvegis. Lagfæra þarf því töluliðina sem á eftir koma.

## Stærðarmörk

Í 2. gr. frumvarpsdraga er vindorka skilgreind sem „nýting vinds til framleiðslu raforku, 10 MW eða meira uppsett raf afl“. Að mati um Umhverfisstofnunar er fjöldi vindmylla, stærð þeirra og flatarmál framkvæmdasvæðis meira lýsandi mælikvarði en uppsett afl til þess að meta umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir á að umhverfisáhrif vindorkuvera eru ekki endilega í beinu samhengi við uppsett afl þeirra. Til dæmis eru tilraunavindmyllur Landsvirkjunar við Búrfell 900kW að uppsettu afli hvor. Þannig myndi vindorkuver með 11 slíkum vindmyllum ekki falla undir löggin þrátt fyrir að slíkri framkvæmd fylgdi umtalsvert rask og áhrif á umhverfið sérstaklega ef framkvæmt er innan svæða í flokki I.

## Óbyggð víðerni

Umhverfisstofnun bendir á að nýverið var lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt (Þingskjal 308 – 276. mál) þar sem nýju ákvæði var bætt við um kortlagningu víðerna. Gert ráð fyrir að kortlagning óbyggðra víðerna nái til landsins alls, en ekki aðeins hálendisins. Þá bendir stofnunin einnig á þá auknu áherslu sem lögð hefur verið á landslag og víðerni í löggjöfinni og að eðlilegt er að það endurspeglis í flokkun virkjunarkosta. Í drögum að þingsályktunartillögu er lagt til að óbyggð víðerni innan marka miðhálendis Íslands séu í flokki I. og að óbyggð víðerni utan marka miðhálendis Íslands séu í flokki II. Umhverfisstofnun telur ekki við rök að styðjast að aðgreina óbyggð víðerni í þessa tvo flokka og telur eðlilegt að þau eigi bæði heima í flokki I.

## Fjarlægðarmörk við friðlýst svæði

Svæði innan 10 km fjarlægðar frá friðlýstum svæðum eru talin falla í flokki II. Í samantekt Skipulagsstofnunar um skipulag og vindorkunýtingu<sup>4</sup> kemur fram að vindmyllur séu mjög áberandi og geti verið ráðandi í allt að 16 km fjarlægð og þær séu áberandi í allt að 19 kílómetra fjarlægð. Í samantekt Eflu fyrir Skipulagsstofnun vegna mótunar landsskipulagsstefnu um landslag kemur fram að í Noregi sé sýnileiki vindorkuvera metinn í 20 km fjarlægð en aðaláhersla lögð á 10 km fjarlægð.

Umhverfisstofnun leggur til að í stað þess að miðað er við 10 km sé gefið svigrúm til að fella svæði sem eru utan 10 km nágrennis friðlýstra svæða undir vernd laganna. Til að mynda gæti verið æskilegt að bætt sé við orðinu „að jafnaði“ fyrir framan 10 km til að svigrúm skapist til að fella svæði undir flokk II. Eins og ákvæðið er orðað í drögunum að þingsályktunartillögunni er ekki unnt að fella svæði undir flokk II ef vindmyllur eru í 10 km fjarlægð en sjást vegna landfræðilegra aðstæðna.

<sup>4</sup> <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Um-skipulag-og-vindorkunyttingu.pdf>

### **Aðferðafræði**

Umhverfisstofnun veltir því loks upp hvort heppilegra væri við stefnumótun vindorku að stjórnvöld legðu til heppilega valkosti fyrir stærri vindorkuver á Íslandi í stað þess að skilgreina hvar ekki megi byggja slíka starfsemi upp. Að mati stofnunarinnar er árangursríkast að vindorkuver séu staðsett nálægt vatnsaflsvirkjunum og á svæðum sem eru þegar röskuð eða með mannvirkjum. Með því móti væri hægt að koma upp stórum vindorkuverum á tiltölulega fáum stöðum á landinu í stað þess að margir smærri ver verði byggð upp á víð og dreif um landið.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst

Hlín Gísladóttir  
lögfræðingur

Axel Benediktsson  
sérfræðingur